

Bráðabirgðalög

um

þyngd bakarabrauða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Íslands hefur tjáð Oss, að eigi sje lögákveðið, að bakarar á Íslandi selji brauð eftir vigt, en að venja hafi þó myndast í Reykjavík í þá átt, að rúgbrauð skuli vera 3 kílógrömm að þyngd. En með því að kvartanir hafi framkomið um það, að þessari venju væri nú eigi fylgt og rannsókn hafi leitt í ljós rjettmæti þessara kvartana, þá sje bryn nauðsyn að löggjafarvaldið setji þegar ákvæði, er heft geti misbrúkun í þessu efni, og að ákveðið verði, svo að eigi verði um vilst, hversu þung brauðin skuli vera. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að setja bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnskipunarlaganna 19. júní 1915 um þyngd bakarabrauða.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Bæjarstjórnun og sveitarstjórnun veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökunum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga, en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2 % ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1 %.

2. gr.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, má ákveða sektir 25—500 krónur fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Með mál útaf brotum skal farið sem með opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 16. nóvember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.